

Fundur haldinn í atvinnumálanefnd Tálknafjarðarhrepps á skrifstofu  
Tálknafjarðarhrepps, mánudaginn 7.maí 2007, kl. 20.00

*Mætt undirrituð og fyrirtekið*

Mættir voru allir aðalmenn nefndarinnar, sbr. Breytingu á skipan hennar á hreppsnefndarfundi þann 18. apríl 2007. Þar var Ása Jónsdóttir skipuð formaður og Sigurvin Hreiðarsson aðalmaður.

Rætt var um nýlega skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Jón Örn Pálsson sat fundinn og leiddi fundarmenn í gegnum skýrsluna.

Samkvæmt minnisblaði sem afhent var aðilum í nefndinni og tekið saman af atvinnumálanefndum á svæðinu þann 20.3.2007, var óskað eftir 20 opinberum störfum á suðursvæði Vestfjarða. Samkvæmt skýrslu nefndarinnar um leiðir til styrkingar atvinnulífs kemur fram tillaga um 11 störf á svæðið og 18,5 störf óstaðsett á Vestfjörðum. Meirihluti þessara 11 starfa eru staðsett á Patreksfirði samkvæmt skýrslunni og ekkert á Tálknafirði.

Efirfarandi ályktun var borin upp og samþykkt :

“ Atvinnumálanefnd Tálknafjarðarhrepps leggur til að störf er tengast tillögu 3 og 4 í skýrslunni verði staðsett að hluta til eða að öllu leyti á Tálknafirði, í nánú samstarfi við þróunarsetur á Patreksfirði.

Samkvæmt vitneskju atvinnumálanefndar mun nefndin um atvinnumál á Vestfjörðum starfa áfram. Ofangreindri ályktun er því komið á framfæri við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og henni verður fylgt eftir.

Fleira ekki fyrirtekið og fundi slitið kl. 22.05

Helga Jónasdóttir (ritar fundargerð)

Sigurvin Hreiðarsson

Ása Jónsdóttir

Jón Örn Pálsson